

Ársreikningur

Sveitarfélagsins Álftaness

2010



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur ársins 2010	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2010	5 - 6
Sjóðstreymi ársins 2010	7
Skýringar	8 - 20

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2010 námu 1.378 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.347 millj.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A hluta var neikvæð um 8,8 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 103 millj.kr. halla. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 var neikvætt um 1.249 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 5.492 millj.kr. í árslok 2010 og hækkuðu um 2.342 millj.kr. á árinu. Heildarskuldir sveitarfélagsins í árslok 2009 námu 3.150 millj.kr. Helsta skýring hækkunarinnar er leiguskuld vegna fasteigna sjá skýringu 2. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins var leitað til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) og skipaði ráðherra sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn í febrúar 2010, sjá nánar í skýringu 39.


Laun og launatengd gjöld A hluta námu alls 815 millj.kr. á árinu.

Íbúar sveitarfélagsins 1. desember 2010 voru 2.479 og fækkaði þeim um 45 á árinu eða um tæp 1,8%.

Bæjarstjórn Álftaness og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Álftanesi, 28. apríl 2011

Bæjarstjóri:



Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Álftanesi,

Bæjarstjórn:

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta, áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og hafa endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ástæður fyrir álitum með fyrirvara


Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar og skýringu 39 í ársreikningi sveitarfélagsins á sveitarfélagið í miklum greiðsluferfiðleikum. Bæjastjórn Álftaness sendi Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) tilkynningu, í nóvember sl., þess efnis að sveitarfélagið væri komið í fjárþröng og að bæjarstjórn teldi sér eigi unnt að standa í skilum. Að tillögu EFS skipaði ráðherra sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn þann 8. febrúar 2010 með skipunartíma til 1. ágúst 2010. Fjárhaldsstjórn er nú skipuð til 1. júlí 2011. Fjárhaldsstjórn tók við stjórn fjármála sveitarfélagsins og er bæjarstjórn óheimilt að inna greiðslur af hendi úr bæjarsjóði án samþykkis hennar. Því ríkir veruleg óvíska um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

Álit með fyrirvara

Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atvika sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir áritun með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. apríl 2011

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodor S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi


Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggiltur endurskoðandi

Við undirritaðir skoðunarmenn ársreiknings Sveitarfélagsins Álftaness höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010 og gerum ekki athugasemdir við hann.


Hermann Már Þorisson

Álftanesi, 28. apríl 2011


Sigurður G. Thoroddsen

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		
		Reikningur 2010	Áætlun 2010	Reikningur 2009
Rekstrartekjur				
Skatttekjur	3	992.267	991.790	865.889
Framlög Jöfnunarsjóðs		248.899	192.900	170.801
Aðrar tekjur		137.010	162.588	364.481
	18	<u>1.378.176</u>	<u>1.347.278</u>	<u>1.401.171</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	13, 19	814.746	795.310	860.416
Annar rekstrarkostnaður	20	318.022	371.565	545.514
		<u>1.132.768</u>	<u>1.166.875</u>	<u>1.405.930</u>
Afskriftir	7, 23	122.643	48.845	50.702
		<u>1.255.411</u>	<u>1.215.720</u>	<u>1.456.632</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.		122.765	131.558	(55.461)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	21	<u>(131.578)</u>	<u>(234.548)</u>	<u>(266.870)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	22, 29	<u>(8.813)</u>	<u>(102.990)</u>	<u>(322.330)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	Reikningur 2010	Sveitarsjóður A hluti	
			Áætlun 2010	Reikningur 2009
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir, lóðir, lendum og jarðir		1.429.410	1.469.095	1.554.978
Íþróttavellir og gatnakerfi		58.766	45.889	71.220
Vélar, áhöld og tæki		49.715	51.731	63.456
Leigðar eignir	2	1.639.040	0	0
	6,7,23	<u>3.176.931</u>	<u>1.566.715</u>	<u>1.689.654</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	8,26	482.787	479.637	482.012
Skuldabréf	27	310.307	1.155	310.817
		<u>793.094</u>	<u>480.792</u>	<u>792.829</u>
Fastafjármunir		<u>3.970.025</u>	<u>2.047.507</u>	<u>2.482.483</u>
Veltufjármunir				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar skatttekjur	10,28	113.382	91.977	89.289
Viðskiptakröfur	10	117.027	65.684	110.430
Næsta árs afborganir langtímakrafna	27	315	0	6.984
Aðrar kröfur		10.472	0	11.329
Handbært fé	11	31.898	6.600	1.146
Veltufjármunir		<u>273.094</u>	<u>164.261</u>	<u>219.178</u>
Eignir samtals		<u>4.243.119</u>	<u>2.211.768</u>	<u>2.701.661</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	12			

31. desember 2010

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		
		Reikningur 2010	Áætlun 2010	Reikningur 2009
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	29	(1.249.016)	(758.786)	(448.062)
Skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	13, 30	145.163	141.528	136.982
		<u>145.163</u>	<u>141.528</u>	<u>136.982</u>
Langtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	14, 31	1.760.223	2.522.235	1.858.252
Leiguskuldir	15, 33	2.040.250	0	0
		<u>3.800.473</u>	<u>2.522.235</u>	<u>1.858.252</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir		109.637	0	301.193
Viðskiptaskuldir		116.164	0	176.803
Aðrar skammtímaskuldir		284.294	175.544	95.297
Gjaldfallnar afborganir og vextir		599.519	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur	42, 44	111.052	0	111.052
Fyrirframinnheimt framlag frá Jöfnunarsjóði		10.222	0	86.389
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31	122.766	131.247	383.755
Næsta árs afborganir leiguskulda	33	192.844	0	0
		<u>1.546.498</u>	<u>306.791</u>	<u>1.154.490</u>
Skuldir samtals		<u>5.492.135</u>	<u>2.970.554</u>	<u>3.149.723</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>4.243.119</u>	<u>2.211.768</u>	<u>2.701.661</u>
Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings	34-38	<u>1.175.008</u>	<u>0</u>	<u>4.106.300</u>

Sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		
		Reikningur 2010	Áætlun 2010	Reikningur 2009
Rekstrarhreyfingar				
Niðurstaða tímabilsins	22	(8.813)	(102.990)	(322.330)
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir	23	122.643	48.845	50.702
Verðbætur og gengismunur	5	8.533	73.545	194.461
Verðbætur og gengismunur leiguskulda		(177.442)	0	
Söluhagnaður/- tap		0	0	(210.000)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	30	9.412	11.000	16.773
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>(45.667)</u>	<u>30.400</u>	<u>(270.394)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Óinnheimtar tekjur, (hækkun), lækkun		(30.689)	0	82.276
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		857	25.000	(60.875)
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)		98.387	(300.000)	129.922
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>68.556</u>	<u>(275.000)</u>	<u>151.324</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>22.889</u>	<u>(244.600)</u>	<u>(119.071)</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum (nettó).....	23	8.475	0	(129.294)
Seldir rekstrarfjármunir		0	185.000	310.000
Fjárfest í eignarhlutum	26	(775)	0	(2.375)
Skuldabréf, breyting	27	7.179	5.457	(304.192)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>14.879</u>	<u>190.457</u>	<u>(125.860)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Tekin ný langtímalán		290.888	1.081.710	762.887
Afborganir langtímalána	31	(305.117)	(927.435)	(734.824)
Skammtímalán, breyting		8.444	(101.285)	181.193
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	30	(1.230)	(1.000)	(1.320)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(7.016)</u>	<u>51.990</u>	<u>207.936</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		30.752	(2.153)	(36.995)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.146</u>	<u>8.753</u>	<u>38.141</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u>31.898</u>	<u>6.600</u>	<u>1.146</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftanes fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Engin stofnun fellur undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins (nú velferðarráðuneyti) um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga bæjarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Í upphafi árs breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum í samræmi við álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2010 um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem það færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamnings meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 1. janúar 2010 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitid eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning 1. janúar 2010 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 719,4 millj.kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

Sveitarfélagið afskrifar nú í fyrsta sinn lóðir og lendur í samræmi við reglur reikningsskila- og upplýsinganefndar. Afskriftir vegna fyrri ára eru færðar inn til lækunar á fastafjármunum og á eiginfjárreikning 1. janúar 2010 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 72,8 millj.kr. vegna þessa. Samanburðarfjárhæðum hefur ekki verið breytt.

Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar mannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur, vegna viðkomandi verkefnis, er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra fastafjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra var stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

5. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í ársbyrjun 2010 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknað frá samningsdegi leigusamnings.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir, lóðir, lendum og jarðir	25 - 40 ár
Íþróttavellir og gatnakerfi	25 - 40 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 - 12 ár

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir	30 ár
------------------	-------

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði.

Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

- Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Óbein niðurfærsla skatttekna nam í lok tímabilsins 46,0 millj.kr. og viðskiptakrafna 4,4 millj.kr. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

- Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

- Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum, sem áður hefur verið gjaldfærð, er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

- Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2010. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 19.

Langtímaskuldir

- Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Gjaldfallnar og næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Leiguskuld

- Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar bæjarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 34-38.

Fjárhagsáætlun

- Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

Rekstrartekjur

18. Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður - A hluti		
Skatttekjur:	2010	Áætlun	2009
Útsvar	874.127	861.500	787.403
Fasteignaskattar	117.771	130.040	78.172
Lóðarleiga	369	250	315
	<u>992.267</u>	<u>991.790</u>	<u>865.889</u>
Jöfnunarsjóður:			
Útgjaldajöfnunarframlag	88.663	86.400	89.809
Tekjujöfnunarframlag	23.854	0	0
Framlag vegna fasteignaskatts	5.444	2.300	2.704
Framlag vegna íbúafækkunar	14.245	0	0
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra	21.480	18.200	21.420
Framlag vegna nýbúafræðslu	770	1.000	990
Framlag vegna fjárhagserfiðleika	2.000	0	0
Framlag vegna grunnskóla	80.420	50.000	55.878
Framlag vegna tryggingagjalds	12.024	0	0
Ýmis framlög	0	35.000	0
	<u>248.899</u>	<u>192.900</u>	<u>170.801</u>
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals	<u>1.241.166</u>	<u>1.184.690</u>	<u>1.036.690</u>
Aðrar tekjur:			
Þjónustutekjur o.fl.	108.027	106.119	124.613
Sorþirðugjald	19.971	20.070	20.070
Húsaleigubætur	7.625	8.640	6.188
Leigutekjur	0	4.352	0
Aðrar tekjur	1.386	23.407	213.609
	<u>137.010</u>	<u>162.588</u>	<u>364.481</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>1.378.176</u>	<u>1.347.278</u>	<u>1.401.171</u>

Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður - A hluti		
	2010	Áætlun	2009
Laun	645.350	628.500	685.018
Launatengd gjöld	159.985	155.810	158.625
Breyting lífeyrisskuldbindingar	9.412	11.000	16.773
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>814.746</u>	<u>795.310</u>	<u>860.416</u>

Starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 146 stöðugildum í lok tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 32,5 millj.kr. á árinu 2010.

Annar rekstrarkostnaður

20. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Sveitarsjóður - A hluti		
	2010	Áætlun	2009
Vöru- og þjónustukaup	209.790	250.449	409.374
Styrkir, framlög og annar kostnaður	108.232	121.116	136.140
	<u>318.022</u>	<u>371.565</u>	<u>545.514</u>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

21. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður - A hluti		
	2010	Áætlun	2009
Vaxtatekjur og verðbætur	4.696	5.956	5.150
Arður af eignarhlutum	0	0	17.982
Vaxtagjöld	(305.182)	(40.145)	(95.541)
Verðbætur langtímaskulda	(44.833)	(73.545)	(142.995)
Gengishagnaður / (tap) langtímaskulda	36.299	(126.814)	(51.466)
Verðbætur og gengismunur leiguskulda	177.442	0	0
	<u>(131.578)</u>	<u>(234.548)</u>	<u>(266.870)</u>

Heildaryfirlit um rekstur

22. Rekstur málaflokka aðalsjóðs greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
00 - Skatttekjur	0	1.251.337	1.251.337	1.184.690
02 - Félagsþjónusta	73.010	8.702	(64.308)	(72.484)
04 - Fræðslumál	814.346	88.845	(725.501)	(759.586)
05 - Menningarmál	10.636	111	(10.525)	(10.523)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	382.605	47.708	(334.897)	(77.026)
07 - Brunamál og almannavarnir	13.532	0	(13.532)	(15.050)
08 - Hreinlætismál	19.949	20.630	681	(3.890)
09 - Skipulags- og byggingarmál	10.967	2.044	(8.924)	(14.975)
10 - Umferðar- og samgöngumál	23.658	0	(23.658)	(31.090)
11 - Umhverfismál	3.763	44	(3.719)	(3.400)
13 - Atvinnumál	2.083	0	(2.083)	(1.000)
21 - Sameiginlegur kostnaður	111.530	5.173	(106.357)	(96.140)
22 - Breytingar á lífeyrisskuldbindingu	9.412	0	(9.412)	(11.000)
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	117.992	0	(117.992)	(155.439)
Aðalsjóður samtals	<u>1.593.484</u>	<u>1.424.594</u>	<u>(168.890)</u>	<u>(66.913)</u>
A hluta stofnanir:				
Eignarsjóður rekstur	179.107	358.790	179.683	(12.205)
Þjónustustöð	30.404	10.798	(19.606)	(23.872)
Innri færslur A hluta	<u>(416.006)</u>	<u>(416.006)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>(206.496)</u>	<u>(46.418)</u>	<u>160.077</u>	<u>(36.077)</u>
A hluti samtals	<u>1.386.989</u>	<u>1.378.176</u>	<u>(8.813)</u>	<u>(102.990)</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

23. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir, lendur og jarðir	Íþróttavellir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2010	1.872.227	75.522	117.442	2.065.191
Afskrifað áður	(317.249)	(4.302)	(53.987)	(375.537)
Bókfært verð 1.1. 2010	1.554.978	71.220	63.456	1.689.654
Afskriftir lóða vegna fyrri ára	(72.781)	0	0	(72.781)
Leiðrétt bókfært verð 1.1. 2010	1.482.197	71.220	63.456	1.616.873
Viðbót á árinu	0	0	1.675	1.675
Gatnagerðagjöld	0	(10.150)	0	(10.150)
Afskrifað á árinu	(52.787)	(2.304)	(15.416)	(70.507)
Bókfært verð 31.12. 2010	1.429.410	58.766	49.715	1.537.891
Afskriftarhlutföll	2,5 - 4%	2,5 - 4%	8 - 20%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Fasteignir
Fært í efnahag 1.1. 2010	1.762.523
Afskriftir færðar í efnahag 1.1. 2010	(71.347)
Bókfært verð 1.1. 2010	1.691.176
Afskrifað á árinu	(52.136)
Bókfært verð 31.12. 2010	1.639.040
Afskriftarhlutföll	3,3%
	Bókfært verð
Íþróttahús	538.567
Skólalóð	182.827
Sundlaug	917.645
	1.639.040
Afskrifað samtals á árinu	122.643
Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í lok ársins	3.176.931

24. Fasteignamat og brunabótamat varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2010:

A hluti:	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð 2010
Leikskólar	166.060	375.550	364.851
Skólar	392.840	903.090	543.473
Leigðar eignir - íþóttamannvirki	459.600	438.950	1.639.040
Lóðir, lendur og jarðir	110.332	0	315.274
Aðrar fasteignir, íþróttavellir og götur	53.767	112.742	264.578
	1.182.599	1.830.332	3.127.216
Vélar, áhöld og tæki			49.715
Samtals A hluti			3.176.931

25. Tryggingarverð lausafjármuna nam í lok ársins 308 millj.kr. og greinist þannig:

Skrifstofur sveitarfélagsins	13.533
Leikskólar	30.621
Skólar og skóladagheimili	97.321
Tónlistarskóli	21.455
Bókasafn	40.700
Íþróttamannvirki	98.254
Áhaldahús	6.468
	<u>308.352</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

26. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	A hluti Bókfært verð
SORPA bs.	0,76%	4.145	7.096
Strætó bs.	1,17%	8.773	3.925
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	0,96%	6.613	6.515
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	0,84%	5.880	6.295
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,72%	36.100	63.897
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.	6,47%	313.347	394.598
Lyngholt ehf.	0,50%	50	50
Landskerfi bókasafna hf.	0,32%	410	410
			<u>482.787</u>

27. Yfirlit yfir skuldabréfaeignir:

	A hluti 2010
Verðbréfaeign í ársbyrjun	317.801
Afborgun á árinu	(7.341)
Verðbætur	163
	<u>310.622</u>
Næsta árs afborganir	(315)
	<u>310.307</u>

Óinnheimtar skatttekjur

28. Óinnheimtar skatttekjur í árslok 2010 sundurliðast þannig:

	A hluti 2010	A hluti 2009
Útsvar	22.585	3.890
Staðgreiðsla	72.034	73.253
Fasteignagjöld	18.762	12.146
	<u>113.382</u>	<u>89.289</u>

Eigið fé

29. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	A hluti
Eigið fé 1.1. 2010	(448.062)
Leigusamningar færðir inn 1.1. 2010	(719.360)
Afskriftir lands vegna fyrri ára	(72.781)
	<u>(1.240.203)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	(8.813)
Eigið fé samtals 31.12. 2010	<u>(1.249.016)</u>

Lífeyrisskuldbinding

30. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun lífeyrisréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings í árslok 2010, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	A hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2010	136.982
Breyting áunninna réttinda á árinu	9.412
Greitt á árinu	(1.230)
Lífeyrisskuldbinding í lok ársins	<u>145.163</u>

Langtímaskuldir

31. Breyting langtímalána á tímabilinu greinist þannig:

A hluti:	Verðtryggð- óverðtryggð lán	Gengistryggð lán	Samtals
Staða lána í ársbyrjun	1.797.265	444.742	2.242.007
Ný langtímalán	290.888	0	290.888
Afborganir af lánum	(109.341)	(195.776)	(305.117)
Verðbætur og gengismunur	44.833	(36.299)	8.533
Langtímaskuldir samtals	<u>2.023.645</u>	<u>212.666</u>	<u>2.236.311</u>
Gjaldfallnar afborganir	(140.656)	(212.666)	(353.322)
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir	1.882.989	0	1.882.989
Næsta árs afborganir	<u>(122.766)</u>	<u>0</u>	<u>(122.766)</u>
	<u>1.760.223</u>	<u>0</u>	<u>1.760.223</u>
Vextir	3,85% - 6,05%	1,1% - 2,1%	

Afborganir af langtímaskuldum í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

	A hluti
Gjaldfallnar afborganir og afborganir 2011	476.088
Árið 2012	126.008
Árið 2013	130.163
Árið 2014	130.036
Árið 2015	134.679
Síðar	<u>1.239.337</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir	<u>2.236.311</u>

32. Afborganir næstu ára af langtímaskuldum A hluta skiptist sem hér segir í afborganir verðtryggðra lána og gengistryggðra lána:

	A hluti	
	Verðtryggð- óverðtryggð lán	Gengistryggð lán
Gjaldfallnar afborganir og afborganir 2011	263.422	212.666
Árið 2012	126.008	0
Árið 2013	130.163	0
Árið 2014	130.036	0
Árið 2015	134.679	0
Síðar	1.239.337	0
Samtals	<u>2.023.645</u>	<u>212.666</u>

Leiguskuldir

33. Sveitarfélagið hefur gert þrjá leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu neysluverðs að 45% en gengi evru að 55%. Leigusamningar greinast þannig:

Leigusamningar færðir inn 1.1.2010	2.410.536
Greiðslur ársins	(147.108)
Hluti vaxta í greiðslum ársins	135.045
Hluti rekstrarkostnaðar í greiðslum ársins	12.063
Verðbætur / gengismunur	(177.442)
Staða samninga 31.12.2010	2.233.095
Næsta árs afborgun	(192.844)
Langtímahluti leiguskulda	<u>2.040.250</u>

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært verð (núvirði lágmarks leigugreiðslna)
Íþróttahús	2007-2037	6,6%	890.826
Skólalóð	2007-2037	6,5%	278.930
Sundlaug	2009-2039	6,5%	1.063.339
			<u>2.233.095</u>

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015	Síðar	Samtals
Íþróttahús	78.626	78.626	78.626	78.626	78.626	1.362.853	1.991.862
Skólalóð	24.364	24.364	24.364	24.364	24.364	422.306	617.217
Sundlaug	89.854	89.854	89.854	89.854	89.854	1.767.131	2.485.965
	<u>192.844</u>	<u>192.844</u>	<u>192.844</u>	<u>192.844</u>	<u>192.844</u>	<u>3.552.290</u>	<u>5.095.043</u>

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

34. Á sveitarfélaginu hvíla ábyrgðaskuldbindingar gagnvart nokkrum félagsamtökum að eftirstöðvum 9,1 millj.kr. sem greiðast að mestum hluta á árinu 2011.

Sveitarfélagið er með einn bíl á rekstrarleigusamningi og nemur skuldbindingin vegna hans 0,3 millj.kr. sem greiðist upp á árinu 2011.

35. Í byrjun árs 2007 seldi sveitarfélagið Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. íþróttamannvirki sín ásamt lóð fyrir 785,7 millj.kr. og gerði við félagið framkvæmda- og leigusamning um íþróttahús og sundlaug til 30 ára. Þessi samningur hefur verið utan efnahagsreiknings en er færður í ársreikninginn í ársbyrjun 2010 skv. álitni reikningsskila- og upplýsinganefndar. Rekstrarkostnaður nemur 8,2% af leigugreiðslum og færist utan efnahagsreiknings. Sú skuldbinding nemur 199,5 millj.kr.
36. Sveitarfélagið gerði samning á árinu 2009 við Búmenn hsf. um kaup á búseturétti og leigusamning á þjónusturými og bílageymslu í þjónustuhúsi fyrir aldraða í nýjum miðbæ Álftaness. Leigutími er 50 ár án heimildar til uppsagnar. Grunnfjárhæð leigu er 3,3 millj.kr á mánuði og er uppreiknuð leiguskuldbinding í árslok 2010 um 932 millj.kr núvirt. Ljóst er að sveitarfélagið getur ekki staðið við þessa leiguskuldbindingu m.v. núverandi stöðu og leitar fjárhaldsstjórn sveitarfélagsins samninga við Búmenn hsf. um breytingu á samningi, þannig að sveitarfélagið losni frá skuldbindingu. Sjá skýringu 40.
- Þann 28. ágúst 2010 var skrifað undir samkomulag um framkvæmda- og samningslok við S12 byggingar ehf. (áður Ris ehf.). Felur það í sér að samningur um kaup á byggingarrétti að Bæjarmýri 1 og húsaleigusamningur að Bæjarmýri 1 séu niðurfelldir og framkvæmdum verði hætt við gatnagerð skv. samningi þar um. Skuldbinding utan efnahagsreiknings að fjárhæð 199 millj.kr. féll því niður.
37. Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaga sem það er aðili að. Skuldbindingar sveitarfélagsins í lok ársins miðað við íbúafjölda 1. desember 2010, eru eftirfarandi í þús. kr.:

	Hlutdeild Álftaness	A hluti Eftirstöðvar
SORPA bs.	1,23%	4.710
Strætó bs.	1,23%	12.557
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	1,19%	94
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	1,23%	16.881
Samtals		<u>34.242</u>

38. Skuldbindingar sveitarfélagsins í lok tímabilsins sundurliðast þannig:

Leigusamningur við Búmenn hsf.	931.921
Rekstrarkostnaðar leigueigna	199.470
Hlutdeild í byggðasamlögum	34.242
Styrkir til félagasamtaka	9.100
Rekstrarleiga bifreiða	274
Samtals	<u>1.175.008</u>

Önnur mál

39. Bæjarstjórn Álftaness sendi Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) tilkynningu, í nóvember 2009, þess efnis að sveitarfélagið væri komið í þannig fjárþröng að bæjarstjórn teldi sér eigi unnt að standa í skilum. Þann 9. nóvember 2009 hófst rannsókn á rekstri og fjárreiðum sveitarfélagsins á vegum EFS. Samkomulag var gert þann 17. desember sama ár við EFS þar sem bæjarstjórn var veitt svigrúm til 20. janúar 2010 til að leggja fram áætlun sem sýndi fram á hallalausan rekstur eigi síðar en á árinu 2013. Að tillögu EFS skipaði ráðherra sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn þann 9. febrúar 2010 með skipunartíma til 1. ágúst 2010. Fjárhaldsstjórn er nú skipuð til 1. júlí 2011. Fjárhaldsstjórn tók við stjórn fjármála sveitarfélagsins og er bæjarstjórn óheimilt að inna greiðslur af hendi úr bæjarsjóði án samþykkis hennar. Meginhlutverk fjárhaldsstjórnar er að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárin 2011 og 2012 sem sýnir fram á hallalausan rekstur. Áætlun fjárhaldsstjórnar var samþykkt af innanríkisráðherra í desember 2010 fyrir nefnd fjárhagsár.

Hluti af samkomulagi, dagsettu 17. desember 2009, við EFS fólst í því að EFS léti vinna tvær rannsóknir á rekstri sveitarfélagsins. Hin fyrri lýtur að rannsókn á sjónarmiðum sveitarfélagsins um að gildandi reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði taki ekki nægjanlega tillit til aðstæðna í sveitarfélaginu, m.t.t. rekstrar grunnskóla. Hin síðari felst í því að fram fari frekari athugun á fjármálum sveitarfélagsins frá og með árinu 2005. Í því sambandi skuli metið hvaða einstöku ákvarðanir bæjarstjórnar hafi leitt sveitarfélagið í þá fjárhagslegu stöðu sem það sé nú í, hvort umræddar ákvarðanir hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og hvort upplýsingarskyldu hafi verið sinnt með lögmatum hætti. Ríkisendurskoðun lauk skýrslugerð í lok júlímánaðar og má kynna sér efni skýrslunnar á heimasíðu Ríkisendurskoðunar.

40. Í maí 2009 var skrifað undir kaup á búseturétti við Búmenn hsf. í þjónustumiðstöð aldraðra og íbúðabyggingu. Skuldbinding vegna þessa leigusamnings er færð utan efnahagsreiknings, sjá skýringu 36. Ljóst er að sveitarfélagið getur ekki staðið við þessa leiguskuldbindingu m.v. núverandi stöðu og leitar fjárhaldsstjórn sveitarfélagsins samninga við Búmenn hsf. um breytingu á samningi, þannig að sveitarfélagið losni frá skuldbindingu. Verði af riftun samkomulagsins mun sveitarfélagið eignast aftur lóðir að verðmæti 96 millj.kr. Sveitarfélagið myndi einnig þurfa að skila skuldabréfunum að verðmæti 310 millj.kr. og fella niður gatnagerðagjöld og byggingaleyfisgjöld fyrir 84 millj.kr. Tekjur að fjárhæð 298 millj.kr. þyrfti að bakfæra ásamt því að skuldbinding að fjárhæð 932 millj.kr. myndi falla niður, sjá einnig skýringu 36 í ársreikningi.
41. Á árinu 2006 gerði sveitarfélagið samkomulag við Heimatún ehf. um byggingu 150 íbúðareininga á miðsvæði Álftaness. Um er að ræða breytingu á áður gerðu samkomulagi frá 2005.
42. Á árinu 2006 var gert samkomulag við Kaupfélag Suðurnesja svf. um sölu lóða til uppbyggingar á 20 þjónustuíbúðum að fjárhæð 120 millj.kr. og fyrir verslunarhúsnæði að fjárhæð 100 millj.kr. Á árunum 2006 og 2007 voru greiddar til sveitarfélagsins 85 millj.kr. vegna þessa samkomulags og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Kaupfélag Suðurnesja svf. hefur óskað eftir slitum á samningnum og hefur það ekki verið samþykkt af bæjarstjórn að svo stöddu.
43. Áhöld eru um hvort sveitarfélagið hafi með breytingum á aðalskipulagi á árunum 1993 og 1998, auk breytinga í maí 2006, gerst bótaskyldt og hafa matsmenn verið dómkvaddir til að meta hugsanlegt tjón. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins hvort bótaskylda verði staðfest og hvaða áhrif málið kann að hafa á fjárhag sveitarfélagsins. Sett hefur verið fram bótakrafa á grundvelli mats vegna breytinga á aðalskipulagi í maí 2006 að fjárhæð 308 millj.kr. Sveitarfélagið hefur ekki fallist á bótaskyldu að svo stöddu og er málið nú fyrir dómi.
44. Undirritaður var samningur við Vegagerðina í ágúst 2008 og með honum fær sveitarfélagið afhenta þjóðvegi innan sveitarfélagsins. Í samningnum er gengið frá skiptingu kostnaðar vegna fyrirhugaðra endurbóta á hinum yfirteknu vegum. Á árinu 2008 voru greiddar vegna samnings þessa 25 millj.kr. vegna hönnunarkostnaðar og var sá hluti sem ekki var búið að framkvæma fyrir færður meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Engar framkvæmdir voru á árinu 2010 vegna þessa og er staðan því óbreytt frá fyrra ári.
45. ÍAV hefur stefnt Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. vegna viðbótarkostnaðar við byggingu sundlaugar á Álftanesi. Dómur hefur fallið í héraðsdómi og féll það ÍAV í vil. Mun málinu verða áfrýjað að hálfu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. Verði krafa ÍAV viðurkennd kann að falla viðbótarkostnaður á sveitarfélagið vegna byggingar sundlaugarinnar. Krafa ÍAV nemur um 112 millj.kr. og mun sveitarfélagið bera um 80 millj.kr. af því skv. samningi þar um.
46. Á milli Sveitarfélagsins Álftaness og Kaupþings banka eru í gildi tveir opnir samningar um vaxtaskipti frá árinu 2004. Staðan á þessum samningi er sveitarfélaginu í óhag um 7,8 millj.kr. um áramót. Gjaldfallnar eru um 1,3 millj.kr. af samningunum. Þessir samningar eru ekki færðir í ársreikning sveitarfélagsins.
47. Orkuveita Reykjavíkur rifti í janúar s.l. samningi um kaup og rekstur fráveitu Álftaness. Orkuveitan hefur höfðað staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Á meðan beðið er niðurstöðu í staðfestingarmálinu sér sveitarfélagið um rekstur fráveitunnar.

Lykiltölur

48. Sveitasjóður (A hluti)

A hluti

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	90,1%	87,9%
Laun og launatengd gjöld	59,1%	59,0%
Annar rekstrarkostnaður	23,1%	27,6%
Afskriftir	8,9%	3,6%
Fjármagnsliðir, nettó	9,5%	17,4%
Rekstrargjöld samtals	100,6%	107,6%
Rekstrarniðurstaða	-0,6%	-7,6%
Veltufé frá (til) rekstrar	-3,3%	2,3%
Fjárfestingar	-0,6%	-13,7%

Í þúsundum króna á íbúa:

Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	501	466
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	55	64
Tekjur samtals	556	530
Laun og launatengd gjöld	325	309
Annar rekstrarkostnaður	128	146
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	4	4
Afskriftir	49	19
Fjármagnsliðir, nettó	53	92
Rekstrargjöld samtals	559	571
Rekstrarniðurstaða	(4)	(41)
Veltufé frá (til) rekstrar	(18)	12
Fjárfestingar	(3)	(73)
Eignir	1.712	871
Eigið fé	(504)	(299)
Nettóskuld án lífeyrisskuldbindingar	1.922	1.049
Nettóskuld með lífeyrisskuldbindingu	1.980	1.104
Skuldir án lífeyrisskuldbindingar	2.157	1.114
Skuldir með lífeyrisskuldbindingu	2.215	1.170
Skuldbinding utan efnahagsreiknings	474	0

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall	0,18	0,54
Eiginfjárhlutfall neikvætt	-29,4%	-34,3%

Íbúaföldi:

Í ársbyrjun	2.524	2.524
Breyting á árinu	(45)	16
Í lok ársins	2.479	2.540

Lykiltölur

49. Sveitasjóður (A hluti)	2010	2009	2008	2007	2006
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar	63,4%	56,2%	69,9%	47,0%	64,7%
Fasteignaskattar	8,6%	5,6%	6,9%	5,3%	5,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs	18,1%	12,2%	14,8%	10,6%	13,8%
Skatttekjur samtals	90,1%	74,0%	91,6%	62,9%	84,3%
Aðrar tekjur	9,9%	26,0%	8,4%	37,1%	15,7%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	58,4%	60,2%	64,6%	41,8%	60,3%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,7%	1,2%	0,9%	0,8%	2,1%
Annar rekstrarkostnaður	23,1%	38,9%	41,8%	26,1%	48,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	17,8%	-0,3%	-7,2%	31,3%	-10,7%
Afskriftir	8,9%	3,6%	3,9%	2,8%	4,3%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-9,5%	-19,0%	-60,6%	-3,0%	-18,8%
Rekstrarniðurstaða	-0,6%	-23,0%	-71,7%	25,5%	-33,8%
Handbært fé til rekstrar	1,7%	-8,5%	-13,3%	-2,7%	1,5%
Fjárfestingarhreyfingar	1,1%	-9,0%	-16,0%	12,2%	-47,0%
Í þúsundum króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur	501	411	423	409	352
Aðrar tekjur	55	144	39	241	66
Laun og launatengd gjöld án lífeyrissk.	325	334	299	272	252
Annar rekstrarkostnaður	128	216	193	170	202
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(53)	(106)	(280)	(19)	(79)
Rekstrarniðurstaða	(4)	(128)	(332)	165	(141)
Efnahagur:					
Eignir	1.712	1.070	952	981	838
Eigið fé	(504)	(178)	(50)	298	102
Lífeyrisskuldbindingar	59	54	48	47	44
Skuldir án skuldbindinga	2.157	1.194	953	636	692
Skuldbindingar utan efnahags	474	1.627	1.005	319	332
Sjóðstreymi:					
Handbært fé frá (til) rekstrar	9	(47)	(61)	(17)	6
Fjárfestingarhreyfingar	6	(50)	(74)	79	(196)
Fjármögnunarhreyfingar	(3)	82	95	(4)	173
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	12	(15)	(40)	58	(17)
Aðrar lykiltölur:					
Veltufjárhlutfall	0,18	0,19	0,18	0,83	0,36
Eiginfjárhlutfall neikvætt	-29,4%	-16,6%	-5,3%	30,4%	12,2%
Íbúafjöldi	2.479	2.524	2.510	2.372	2.278
Breyting frá fyrra ári (%)	-1,8%	0,6%	5,8%	4,1%	4,4%